

45

10. júní

II. FLOKKUR

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmíðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki og til hvernar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 2 krónur árlega. Fyrir hvern nautgrip í fjósi fráskildu íbúðarhúsi 4 krónur, en 2 krónur fyrir hvern nautgrip í fjósi áföstu við íbúðarhús. Fyrir hest greiðist 2 krónur.

2. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 12 auru fyrir hvert skipfund fiskjar.
2. Fyrir vatn í síldar- eða kjötpækil skal greiða 5 auru fyrir hverja tunnu síldar og 10 auru fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 krónur fyrir hvert tonn eða hluta úr tonni, og greiðist vatnið strax við vatnstöku.

3. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%. Þó má gjaldið aldrei fara fram úr 6% (6 af þúsundi) af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. október ár hvert. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts og má taka hann lögtaki.

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá vatnsveitu Ólafsfjarðarkaupþúns nr. 96 10. sept. 1935.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

46

29. marz

GJALDSKRÁ

fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Verð á sjó til fiskþvotta skal vera eins og hér segir, miðað við 100 kg af fiski:
 Af fullverkuðum fiski (þurrfiski) greiðist 16 aurar.
 Af hálfverkuðum fiski (saltfiski) greiðist 8 aurar.
 Af óverkuðum fiski (blautfiski) greiðist 4 aurar.
 Gjaldið af blautfiski greiðist aðeins af fiski, sem er settur í kassa í landi.

2. gr.

Gjald þetta fellur í gjalddaga um leið og fiskur er fluttur út eða til annara hafna innanlands.

3. gr.

46

29. marz

Sjóveitugjald þetta greiðist á skrifstofu hafnarsjóðs um leið og greitt er vörugjald af fiski útfluttum úr kaupstaðnum og skal kvittað fyrir greiðslu gjaldsins á farmskirteini. Fisk má ekki afgreiða til útflutnings eða annara hafna innanlands fyrr en gjaldið hefir verið greitt.

4. gr.

Endurgjald fyrir sjó til véla skal vera 16 aurar fyrir hverja smálest sjávar. Skulu mælar settir upp á leiðslurnar á kostnað þeirra, sem vélarnar eiga. Gjald samkvæmt þessari grein skal greitt fyrir sjónotkun frá 1. janúar 1935, og skal gjaldið áætlað, miðað við þá eyðslu, sem verður, eftir að mælarnir eru teknir í notkun. Gjald dagar á vélagjaldinu skulu vera í lok hvers mánaðar, og skal gjaldið greitt á skrifstofu hafnarsjóðs.

5. gr.

Fyrir sjó til salerna og baða skal greiða 20 krónur árlega, sem greiðast skulu 1. október.

6. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu tryggð með lögveði í húseign þeirri, sem sjónotkunin fer fram í, næstu tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

8. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi numin gjaldskrá fyrir sjóveituna frá 24. apríl 1936, nr. 27.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. sept. 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, til að öðlast gildi 1. apríl 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. marz 1938.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

47

4. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkaupþún frá 7. desember 1935.

Í 24. gr. b-lið falli burt síðari málsliðurinn: „Þó ekki meira á ári en 1 krónu fyrir hverja smálest.“

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast þegar gidi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.